



Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. janúar 2026  
Málsnúmer: 202511-0044  
IAS

**Efni: Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði. Kynning á umhverfismatsskýrslu.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 18. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna dýpkunar á Grynnslnum, Hornafirði.

Hornafjarðarhöfn áformar dýpkun siglingarleiðar um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem myndast framan við sjávarfallaósa og eru mikill áhrifabáttur í siglingum á svæðinu. Ölduhæð hefur takmarkandi áhrif á siglingar um þau og eru reglulega tafir á siglingum um Ósinn og Grynnslin vegna ölduhæðar yfir vetrarmánuðina. Fyrirhugað dýpkunar- og losunarsvæði er utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga. Fyrirhuguð framkvæmd felur annars vegar í sér dýpkun og hins vegar efnislosun í sjó. Vegagerðin fer með umsjón verksins.

Vegagerðin vinnur nú að langtímaáætlun sem felur í sér dýpkun með efnismagnið á bilinu 0 – 1.000.000 m<sup>3</sup> á ári. Samtals allt að 5.000.000 m<sup>3</sup> til 10 ára.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skýrsluna og tekur undir þá niðurstöðu að losunin er líkleg til að hafa staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif á botndýralíf. Sem mótvægisáðgerð er fyrirhugað að vakta samsetningu lífvera á losunarstað á 2-3 ára fresti meðan á framkvæmdum stendur. Þar sem breytilegt er hversu mikið efnismagnið verður á ári væri eðlilegra að miða tíðni vöktunar líka við efnismagn og bæta við vöktun ef losun fer yfir ákveðið magn. Þá mætti miða við sýnatöku á tveggja ára fresti eða eftir 1.000.000 m<sup>3</sup>. Áhrif á botndýralíf geta líka haft áhrif upp fæðukeðjuna, þar með talið á fuglalíf en almennt er lítið vitað um hvernig efnislosun af þessum toga hefur áhrif á fæðuöflun sjófugla.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur